



Reykjavík, 1. mars 2016

## Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um álagningu eiginfjárauka

Með lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi í júlí 2015, voru ákvæði um eiginfjárauka innleidd í íslenska löggjöf í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.

Samkvæmt 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki til viðbótar við lágmark eiginfjárgrunns viðhalda eiginfjárukum í samræmi við 84. gr. b – 84. gr. e laganna. Eiginfjárauka er einungis heimilt að mæta með eiginfjárliðum sem teljast til eiginfjárpáttar A samkvæmt 5. mgr. 84. gr. sömu laga.

Eiginfjárukarnir eru fjórir, þ.e. eiginfjáruki vegna kerfisáhættu, eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauki og verndunarauki. Fjármálaeftirlitinu er annars vegar skylt að kveða á um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, að undangengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs, sbr. 84. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, og hins vegar heimilt að kveða á um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, og sveiflujöfnunarauka, að undangengnum tilmælum ráðsins, sbr. 84. gr. b og 84. gr. d sömu laga. Verndunaraukinn, sem nemur nú 1% af áhættugrunni,<sup>1</sup> bætist við eiginfjárkröfur tiltekinna fjármálafyrirtækja án tilmæla fjármálastöðugleikaráðs og sérstakrar ákvörðunar stofnunarinnar, sbr. 84. gr. e laganna.

Með bréfi, dags. 22. janúar 2016, beindi fjármálastöðugleikaráð rökstuddum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að kveða á um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og sveiflujöfnunarauka.

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að nánar tiltekin fjármálafyrirtæki viðhaldi eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs.

Fjármálaeftirlitið hefur í dag birt hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum ákvörðun sína og er hún hér með birt opinberlega í samræmi 84. gr. b – 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

### Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða á um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og gildi hans að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði, sbr. 84. gr. b laga um fjármálafyrirtæki. Ef eiginfjáruki vegna kerfisáhættu er settur á skal

---

<sup>1</sup> Verndunaraukinn hækkar í 1,75% frá og með 1. júní 2016 og 2,5% frá og með 1. janúar 2017, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 57/2015.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

fjármálastöðugleikaráð endurskoða tilmæli sín innan tveggja ára frá því að þau komu til framkvæmda.

Tilgangur eiginfjárouka vegna kerfisáhættu er að koma í veg fyrir eða takmarka áhrif af langtíma, ósveiflutengdri kerfisáhættu sem fjármálakerfið getur staðið frammi fyrir og getur haft alvarlegar, neikvæðar afleiðingar á fjármálakerfið og raunhagkerfið.

Töluverð kerfisáhætta er til staðar á Íslandi sem tengist smæð hagkerfisins, samþjöppun atvinnugreina, breytileika í fjármagnshreyfingum og gengissveiflum. Þjóðarbúskapurinn er því næmur fyrir áföllum og endurspeglast það í meiri breytileika hagstærða og meiri breytileika vanefnda hér á landi en í samanburðarlöndunum. Þessi kerfisáhætta steðjar að öllum innlendum áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til töku innlána og því mikilvægt að viðnámspróttur allra þeirra sé nægjanlegur til að takast á við áhættuna.

Með vísan til framangreinds og tilmæla og rökstuðnings fjármálastöðugleikaráðs hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að eiginfjárouki vegna kerfisáhættu fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sem hafa heimild til móttöku innlána, nemi 3% af áhættuvegnum innlendum eignum frá og með 1. apríl 2016. Fyrir önnur fjármálafyrirtæki, sem heimild hafa til móttöku innlána, hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið eiginfjároukann með stighækkandi hætti og hann nemi 1% frá og með 1. apríl 2016, 1,5% frá og með 1. janúar 2017, 2% frá og með 1. janúar 2018 og 3% frá og með 1. janúar 2019.<sup>2</sup> Ef við á, skal eiginfjároukanum jafnframt viðhaldið á samstæðugrunni. Fjármálaeftirlitið mun taka til endurskoðunar niðurstöður könnunar- og matsferlis í þeim tilfellum þar sem þegar hefur verið bundið eigið fé undir stoð II fyrir sömu áhættu og eiginfjárouka vegna kerfisáhættu er ætlað að mæta.

### **Eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki**

Samkvæmt 84. gr. c laga um fjármálafyrirtæki skal Fjármálaeftirlitið kveða á um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði. Ákvörðun um að setja eiginfjároukann á og gildi hans skal endurskoða árlega og ber Fjármálaeftirlitinu að óska eftir tilmælum fjármálastöðugleikaráðs fyrir breytingu á ákvörðuninni.

Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki eru fjármálafyrirtæki sem vegna stærðar og eðlis starfsemi sinnar geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á raunhagkerfið ef þau lenda í erfiðleikum. Af þessum ástæðum og sakir þess að þessi fjármálafyrirtæki eru almennt mikilvæg varðandi starfsemi fjármálainnviða og aðgang almennings að greiðsluþjónustu og eigin sparifé er opinbert öryggisnet um þau þéttara en ella og beinar og óbeinar ábyrgðir á skuldbindingum þeirra víðtækari. Það magnar freistnivanda sem birtist í því að þessir aðilar gætu tekið meiri áhættu en hagkvæmt er fyrir fjármálakerfið í heild. Markmið eiginfjárouka á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki er að efla viðnámsprótt kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og þannig vinna á móti þessari tilhneigingu.

Hinn 14. apríl 2015 staðfesti fjármálastöðugleikaráð skilgreiningu á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum, sbr. d-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 66/2014 um fjármálastöðugleikaráð, en við staðfestingu ráðsins var höfð hliðsjón af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um kerfislega

<sup>2</sup> Fjármálastöðugleikaráð kann að beina endurskoðuðum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins á umræddu tímabili er kann að hafa áhrif á fyrirhugaða stighækkun eiginfjároukans fyrir fjármálafyrirtæki, sem heimild hafa til móttöku innlána, önnur en kerfislega mikilvæg.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

mikilvæg fjármálafyrirtæki.<sup>3</sup> Samkvæmt skilgreiningu fjármálastöðugleikaráðs á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum teljast Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.<sup>4</sup>

Með vísan til þess að umrædd fjármálafyrirtæki eru yfir 350 punkta viðmiði EBA, eins og nánar er fjallað um í tilmælum og rökstuðningi fjármálastöðugleikaráðs, hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að umrædd fjármálafyrirtæki viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis sem nemur 2% frá og með 1. apríl 2016. Eiginfjárukanum skal jafnframt viðhaldið á samstæðugrunni og tekur til allra áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækjanna.

### Sveiflujöfnunarauki

Samkvæmt 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu, að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði, heimilt að kveða á um sveiflujöfnunarauka. Fjármálastöðugleikaráð skal endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Sveiflujöfnunarauka skal byggja upp samhliða vexti í kerfisáhættu og er honum aflétt, í heild eða í áföngum, þegar niðursveifla verður í fjármálakerfinu. Sveiflujöfnunaraukinn eykur viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja og dregur því úr líkum á fjármálaáföllum. Losun hans veitir fjármálafyrirtækjum svigrúm til útlána í niðursveiflu og dregur þannig úr áhrifum á raunhagkerfið. Við mat á þörf fyrir álagningu sveiflujöfnunarauka er horft til stöðu fjármálasveiflunnar og væntra áhrifa aukans á útlánavöxt, sem ráðast meðal annars af umfangi þeirrar eiginfjárukningar sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki þurfa að ráðast í vegna ákvörðunarinnar.

Við mat á þörf sveiflujöfnunarauka hér á landi horfir fjármálastöðugleikaráð til fjögurra kjarnavísa sem ráðið hefur skilgreint fyrir fyrsta millimarkmið um fjármálastöðugleika, sem er að vinna gegn óhóflegum útlánavexti, skuldsetningu og ójafnvægi á eignarmörkuðum. Kjarnavísarnir eru vöxtur útlánahlutfalls, raunvöxtur útlána til heimila og fyrirtækja, raunhækkun íbúða- og atvinnuhúsnæðisverðs og frávik útlánahlutfalls frá langtímaleitni. Í samræmi við 2. mgr. 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er síðastnefndi vísirinn, vísir sem öllum aðildarríkjunum ber að líta til ásamt leiðbeiningum Evrópska kerfisáhætturáðsins um ákvörðun sveiflujöfnunarauka<sup>5</sup> auk annarra þátta, eins og nánar er fjallað um í tilmælum og rökstuðningi fjármálastöðugleikaráðs. Þegar litið sé heildstætt á alla helstu vísa um stöðu fjármálasveiflunnar megi, að mati fjármálastöðugleikaráðs, sjá að uppsveifla sé þegar hafin. Í þessu samhengi megi horfa til útlánavaxtar, hækkandi eignaverðs, batnandi ástands fjármálamarkaðar og minnkandi vanskila. Slaki í þjóðarbúskapnum hafi snúist í spennu og vísbendingar séu um að útlánavöxtur geti orðið hraður í náninni framtíð og megi í því skyni nefna fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja, aukið veðrymi og spár um þróun hagstærða.

Fjármálaeftirlitið telur, líkt og fjármálastöðugleikaráð, að ólíklegt sé að virkjun sveiflujöfnunaraukans við núverandi aðstæður takmarki útlánavöxt fjármálakerfisins

<sup>3</sup> Guidelines on the criteria to determine the conditions of application of Article 131(3) of Directive 2013/36/EU (CRD) in relation to the assessment of other systemically important institutions (O-SIIs) (EBA/GL/2014/10).

<sup>4</sup> Íbúðalánasjóður telst einnig kerfislega mikilvægur eftirlitsskyldur aðili en þar sem sjóðurinn telst ekki fjármálafyrirtæki, sbr. 116. gr. laga um fjármálafyrirtæki, gildir eiginfjárukinn ekki um hann.

<sup>5</sup> Recommendation on guidance to EU Member States for setting countercyclical buffer rates (ESRB/2014/1).



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

með óæskilegum hætti og eru því aðstæður til þess að setja sveiflujöfnunarauka á góðar.

Með vísan til framangreinds og tilmæla og rökstuðnings fjármálastöðugleikaráðs hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið 1% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þau sem eru undanskilin auknum, sbr. 4. mgr. 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, og að hann taki gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun stofnunarinnar. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 84. gr. d sömu laga. Fjármálaeftirlitið mun setja nánari reglur um útreikning sveiflujöfnunarauka í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla (ESB) nr. 1152/2014 og 2015/1555 áður en sveiflujöfnunaraukinn tekur gildi.

## Samandregin niðurstaða

Með vísan til alls þess sem að framan greinir, tilmæla fjármálastöðugleikaráðs og rökstuðnings ráðsins fyrir þeim hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið um að fjármálafyrirtæki<sup>6</sup> viðhaldi eiginfjárukum í samræmi eftirfarandi töflur:<sup>7</sup>

### Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn

Dagsetning	1.1.16	1.4.16	1.6.16	1.1.17	1.3.17
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu		3%	3%	3%	3%
Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis		2%	2%	2%	2%
Sveiflujöfnunarauki					1%
Verndunarauki	1%	1%	1,75%	2,5%	2,5%
<b>Samanlögð krafa vegna eiginfjáruka</b>	<b>1%</b>	<b>6%</b>	<b>6,75%</b>	<b>7,5%</b>	<b>8,5%</b>

Tafla 1: Þróun eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

### Kvika banki, Sparisjóður Austurlands, Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóður Strandamanna og Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Dagsetning	1.1.16	1.4.16	1.6.16	1.1.17	1.3.17	1.1.18	1.1.19
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu		1%	1%	1,5%	1,5%	2%	3%
Sveiflujöfnunarauki					1%	1%	1%
Verndunarauki	1%	1%	1,75%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
<b>Samanlögð krafa vegna eiginfjáruka</b>	<b>1%</b>	<b>2%</b>	<b>2,75%</b>	<b>4%</b>	<b>5%</b>	<b>5,5%</b>	<b>6,5%</b>

Tafla 2: Þróun eiginfjáruka fyrir minni innlánsstofnanir.

<sup>6</sup> Viðhalda skal eiginfjárukum jafnframt á samstæðugrunni.

<sup>7</sup> Fjármálaeftirlitið gerir þann fyrirvara að gildi eiginfjáruka kann að breytast komi fram ný tilmæli frá fjármálastöðugleikaráði á nefndu tímabili. Jafnframt er miðað við að allar áhættuskuldbindingar séu innlendar. Endanleg niðurstaða ræðst af hlutdeild erlendra áhættuskuldbindinga í áhættugrunni og gildis sveiflujöfnunarauka erlendis.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Borgun, Byggðastofnun, Lánasjóður sveitarfélaga, Lýsing og Valitor

Dagsetning	1.1.16	1.4.16	1.6.16	1.1.17	1.3.17
Sveiflujöfnunarauki					1%
Verndunarauki	1%	1%	1,75%	2,5%	2,5%
<b>Samanlögð krafa vegna eiginfjárauka</b>	<b>1%</b>	<b>1%</b>	<b>1,75%</b>	<b>2,5%</b>	<b>3,5%</b>

Tafla 3: Þróun eiginfjárauka fyrir lánafyrirtæki.

Viðhaldi fjármálafyrirtæki ekki eiginfjárukum takmarkast útgreiðslur þess í samræmi við 6. mgr. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.<sup>8</sup> Auk þess skal stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis senda Fjármálaeftirlitinu áætlun um verndun eigin fjár samkvæmt 84. gr. f sömu laga. Viðhaldi fjármálafyrirtæki ekki eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og fyrrnefndar takmarkanir á útgreiðslum eru ekki taldar duga til þess að styrkja eiginfjárgrunn fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið gripið til aðgerða samkvæmt 4. mgr. 84. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

<sup>8</sup> Sbr. og reglur nr. 1270/2015 um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka.